



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 10. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp að breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), þingskjal 625.

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr.116/2006 (atvinnu- og byggðakvótar), þingskjal 625.

Með frumvarpinu eru ákvæði um 5,3% kvótapottana tekin saman í heildstæðan kafla í fiskveiðistjórnunarlögunum. Þá eru hlutföll milli einstakra verkefna eða potta ákveðin til sex ára en ekki frá ári til árs eins og verið hefur undanfarin ár. Þetta fyrirkomulag eykur fyrirsjáanleika en dregur á sama tíma úr sveigjanleika. Því er mætt a.m.k. að einhverju leyti með Varasjóði vegna óvæntra áfalla og Tilraunaverkefni til byggðaþróunar.

Frá fiskveiðiárinu 2013/2014 hefur Bygðastofnun gert samninga á grundvelli 10.gr.a. um sértækan byggðakvóta (Aflamark Bygðastofnunar). Í gildi eru samningar í ellefu sjávarbyggðum sem fallið hafa undir skilgreiningu um að hafa búið við alvarlegan og bráðan vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 22,03% þess aflamarks sem kemur til ráðstöfunar sem aflaheimildir til að efla atvinnu og byggðir (5,3%), verði ráðstafað til sérstaks byggðakvóta. Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að gildandi samningar sem stofnunin hefur gert haldist óbreyttir á gildistíma sínum.

Grein 5 c. (sem verður 15.gr.f.) um sértækan byggðakvóta er að efni til sambærileg við ákvæði í núgildandi lögum að undanskildum tveimur breytingum eða viðbótum. Það er annars vegar setningin: „*Heimilt er að bjóða opinberum aðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, fyrirtækjum eða félagsamtökum aðild að slíkum samningum þar sem fram skulu meðal annars koma almenn og sértæk markmið hvers verkefnis, mælikvarðar, samstarfsaðilar, útfærsla, fyrirkomulag umsýslu og eftirfylgni.*“ Hins vegar að þá eru tekin fram atriði í reglugerðarheimild ráðherra um innihald reglugerðar um sértækan byggðakvóta þar sem segir: „*... svo sem um efni samnings, skilyrði, tímalengd, hlutlæga mælikvarða, mat á árangri og nýja og endurnýjaða samninga sem gerðir eru frá og með árinu 2020.*“

Varðandi viðmiðun fyrir nýja og endurnýjaða samninga leggur Bygðastofnun til að miðað verði við fiskveiðiárið 2021/2022 í samræmi við 8.gr. frumvarpsins þar sem segir að lög þessi öðlist gildi og komi til framkvæmdar við upphaf fiskveiðiársins 2021/2022.

Virðingarfyllt
f.h. Bygðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri